

Þróun fjölbreyttra kennsluhátta á mið og unglíngastigi við þjálfun lestrar og lesskilnings í grunnskólum á Austurlandi

Í framhaldi af innleiðingu Byrjendalæsis og verkefnisins „Bættur námsárangur á Austurlandi“



Skrúður - Aðalheiður Jónsdóttir

Nafn skóla

Skólaskrifstofa Austurlands var með umsjón verkefnisins. Skólar sem tóku þátt í verkefninu voru allir grunnskólar á Austurlandi, nema Grunnskóli Mjóafjarðar.

Þátttökuskólar: Vopnafjarðarskóli, Brúarásskóli, Fellaskóli, Egilsstaðaskóli, Grunnskóli Borgarfjarðar, Seyðisfjarðarskóli, Nesskóli, Grunnskóli Eskifjarðar, Grunnskóli Reyðarfjarðar, Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar, Grunnskólinn í Breiðdalshreppi, Stöðvarfjarðarskóli og Grunnskóli Djúpavogs.

Nafn verkefnisins

Þróun fjölbreyttra kennsluhátta á mið og unglingsstigi við þjálfun lestrar og lesskilnings í grunnskólum á Austurlandi. Er það í framhaldi af innleiðingu Byrjendalæsis og verkefnisins „*Bættur námsárangur á Austurlandi*“.

Nafn verkefnisstjóra:

Sigurbjörn Marinósson forstöðumaður Skólaskrifstofu Austurlands og Björg Þorvaldsdóttir kennsluráðgjafi Skólaskrifstofu Austurlands.

Aðrir starfsmenn verkefnisins:

Umsjónarmaður verkefnisins frá Háskólanum á Akureyri (MSHA) var Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir. Aðrir sem komu að verkefninu frá HA voru Guðmundur Engilbertsson, sem sá um fræðslu í upphafi verkefnisins í ágúst 2016 og Sigríður Ingadóttir sem var með námskeiðsdaga í janúar 2017.

Þar að auki voru tengiliðir/leiðtogar í hverjum skóla sem báru ábyrgð á framkvæmd verkefnisins innan hvers skóla s.s. að verkefnið færi af stað, kynntu sér ítarlega hugmyndafræðina á bak við verkefnið, héldu utan um gögn tengdu verkefninu s.s. hugmyndasöfn, kennsluaðferðir og námskeiðsgög. Samrýmdu kennslu á milli umsjónarkennara og faggreinakennara. Héldu utan um fundi vegna þróunarstarfsins þar sem kennarar deildu reynslu sinni og hugmyndum, hvöttu kennara til dáða og veittu þeim ráð og stuðning og héldu utan um niðurstöður prófa (Orðalykill og Orðarún). Enn fremur voru þeir tengiliðir við ráðgjafa HA og kennsluráðgjafa Skólaskrifstofu.

Markmið verkefnisins samkvæmt umsókn

Er að auka námsárangur nemenda á mið- og unglingastigi í grunnskólum á Austurlandi með sérstakri áherslu á læsi og styrkja kennara faglega til að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni sem leiða til betri námsárangurs. Jafnframt að efla mikilvægt samstarf skóla á Austurlandi enn frekar með markvissum samstíga skrefum í þessu verkefni og um leið uppfylla enn frekar áherslur aðalnámskrá grunnskóla og Hvítbókar um umbætur í menntun.

Áætlaður afrakstur verkefnis

Starfspróun kennara á mið- og unglingastigi. Faglegri vinnubrögð kennara og nemenda og aukinn námsárangur. Efling orðaforða, lesskilnings og málumhverfi nemenda er mikilvæg og verður lög áhersla á þá þætti. Nemendum verða kenndar markvissar aðferðir til að sundurgreina texta og orð, merkingu hugtaka, tengja saman lykilatriði kortleggja aðalatriði og endurbirta námsefni og orð á fjölbreyttan hátt. Áhersla er lögð á samvinnu og samvirkar kennsluáðferðir. Að kennarar efla þekkingu sína og tileinki sér fjölbreyttar aðferðir til að auka færni sína í „læsis“ kennslu; orð- og hugtakakennslu og fjölbreyttum lesskilningsaðferðum og geti yfirfært þær þannig að nemendur tileinki sér námstækni og námsvitund. Að nemendur kynnist fjölbreyttum orðaforða- og lesskilningsaðferðum og öðlist færni við að beita aðferðunum í námi sínu og auka námsárangur sinn. Að læsi austfirskra barna eflist en það hefur mælst undir meðaltali miðað við önnur börn á landinu í alþjóðlegum könnunum og á samræmdum prófum í íslensku. Drengir hafa sérstaklega komið illa út. Efling kennara í faglegum vinnubrögðum í orðaforða- og lesskilningsnámi er í samræmi við verkefnið „Bættur námsárangur á Austurlandi“ þar sem markmiðið er m.a. að efla læsi.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Skólaskrifstofa Austurlands samdi við Háskólann á Akureyri (MSHA) um fræðslu og innleiðingu orðnáms- og lesskilningsaðferða í skólum á svæðinu.

Dagsetning	Verkefni – Framkvæmd
8. ágúst 2016	Námskeið um orðaforða – og lesskilningsaðferðir og hugmyndafræðina þar á bak við. Miðstigskennarar
9. ágúst 2016	Námskeið um orðaforða – og lesskilningsaðferði og hugmyndafræðina þar á bak við. Unglingastigskennarar
Ágúst	Skólastjórar og tengiliðir skipuleggja hvar og hvernig yndislestrartímum er komið fyrir í stundarskrám nemenda.
Ágúst - september	Kennarar vinna úr námskeiðinu og hvernig/hvar þeir nýta þau verkfæri sem þeir eru komnir með í hendurnar.

5. – 9. September	Kennarar leggja fyrir nemendur orðaforðaprófið Orðalykil . Unnið úr niðurstöðum og tengiliður sér um að skila niðurstöðum til Skólaskrifstofu.
19. – 20. September	Ráðgjafaheimsókn í hvern þátttökuskóla á suðursvæði. Farið yfir stöð verkefnisins. Upprifjun á nokkrum aðferðum og rætt um framkvæmd yndislestur og hvernig gekk að leggja fyrir Orðalykil og Orðarún.
3. – 6. Október	Ráðgjafaheimsókn í hvern þátttökuskóla á norðursvæði. Farið yfir stöð verkefnisins. Upprifjun á nokkrum aðferðum og rætt um framkvæmd yndislestur og hvernig gekk að leggja fyrir Orðalykil og Orðarún.
3. – 7. Október	Kennarar leggja fyrir nemendur lesskilningsprófið Orðarún . Kennarar vinna úr niðurstöðum og tengiliður sér um að skila niðurstöðum til Skólaskrifstofu Austurlands.
Október - nóvember	Kennarar nýta ábendingar ráðgjafa og hugmyndir úr ágústnámskeiði til að efla sig í vinnu með orðaforða- og lesskilningsaðferðir .
29. nóvember Fáskrúðsfjörður	Fræðslufundur með kennurum á suðursvæði, farið yfir stöðu verkefnisins og kennarar deildu/sýndu afrakstur vinnu sinnar með nemendum. Upprifjun á nokkrum aðferðum Fjallað mikilvægi ríkulegs málumhverfis innan skóla. Samvirka námslíkanið kynnt.
30. nóvember Egilsstaðir	Fræðslufundur með kennurum á norðursvæði, farið yfir stöðu verkefnisins og kennarar deildu/sýndu afrakstur vinnu sinnar með nemendum. Upprifjun á nokkrum aðferðum Fjallað mikilvægi ríkulegs málumhverfis innan skóla. Samvirka námslíkanið kynnt.
Desember	Kennarar vinna áfram að innleiða nýjar aðferðir með nemendum sínum.
18. janúar Egilsstaðir	Námskeið (4klst.) fyrir kennara á norðursvæði – Hugræn kortagerð
19. janúar Reyðarfjörður	Námskeið (4 klst.)fyrir kennara á suðursvæði – Hugræn kortagerð
Janúar – Maí	Kennarar vinna áfram að innleiða nýjar aðferðir með nemendum sínum.
6. – 23. febrúar	Ráðgjafaheimsóknir á „skype“ (netfundir) Farið yfir stöð verkefnisins, spurningum svarað og upprifjun á aðferðum og kennarar hvattir til dáða.
3. maí Reyðarfjörður	Fundur (uppgjör á vinnu vetrarins) með kennurum á norðursvæði – Veturinn gerður upp, upprifjun á ýmsum aðferðum og kennarar deildu/sýndu afrakstur vinnu sinnar á skólaárinu. Rýnivinna, þar sem kennara unnu í skólahópum og tóku saman upplifun sína, mátu skipulag og framkvæmd verkefnisins, hvernig það hafði nýst þeim í starfi vetrarins og væntingar um framhald verkefnisins.

4. maí Egilsstaðir	Fundur (uppgjör á vinnu vetrarins) með kennurum á norðursvæði – Veturinn gerður upp, upprifjun á ýmsum aðferðum og kennarar deildu/sýndu afrakstur vinnu sinnar á skólaárinu. Rýnivinna, þar sem kennara unnu í skólahópum og tóku saman upplifun sína, mátu skipulag og framkvæmd verkefnisins, hvernig það hafði nýst þeim í starfi vetrarins og væntingar um framhald verkefnisins.
-----------------------	---

Tvö heils dagsnámskeið voru haldin á Reyðarfirði í ágúst fyrir kennara á mið- og unglíngastigi, sem kenna bóklegar greinar. Allir kennarar voru hvattir til að taka þátt í verkefninu, misjafnt var milli skóla hve margir tóku þátt í námskeiðin og vinnu vetrarins. Annað námskeiðið var ætlað miðstígskennum og hitt unglíngastígskennum. Guðmundur Engilbertsson lektor frá Háskólanum á Akureyri stýrði námskeiðunum þar sem farið var yfir hugmyndafræðina varðandi eflingu orðaforða, orðakennslu og ýmissa lesskilningsaðferða, fjallað var um samvinnu nemenda og samvirkar kennsluáðferðir. Lagður var inn grunnur af ýmsum orðanámsverkfærum og lesskilningsverkfærum, fjallað um fjölbreyttar lesskilningsaðferðir og mikilvægi góðrar námstækni og námsvitundar.

Í framhaldi af námskeiðinu var ætlast til að kennarar verðu a.m.k. fimm kennslustundum á viku í þróunarstarfið. Þar sem þeir prófuðu að tileinka sér og kenna nemendum að nota ýmis orðnáms- og lesskilningsverkfæri. Auk þess var ætlast til að í hverri bekkjardeild væri varið 15 – 30 mínútum í daglegan yndislestur.

Í september lögðu umsjónarkennarar 5. – 10. bekkjar¹ orðaforðaprófið Orðalykill fyrir nemendur sínar. Í byrjun október lögðu kennarar fyrir nemendur sína lesskilningsprófið Orðarún. Þessi próf voru lögð aftur fyrir nemendur í maí. Með því var ætlunin að kennarar myndu rýna í niðurstöður og sjá hvort markviss kennsla í orðaforða og lesskilningsaðferðum auki orðaforða og lesskilning nemenda.

Um mánaðarmótin september – október heimsótti ráðgjafi frá HA – Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir alla skóla og fylgdi verkefninu úr hlaði. Hún hélt fundi með kennurum og skoðaði hvort og hvernig kennarar væru komnir af stað með verkefnið og hvatti kennara sem ekki voru byrjaðir á verkefninu til dáða. Hún var einnig með stutta upprifjun á orðanámsaðferðum, orði dagsins, hugtakagreiningum, orðaskjóðum og tók púlsinn á stöðu og framkvæmd yndislesturs og hvernig gengi að leggja fyrir orða- og lesskilningsprófin Orðalykil og Orðarún. Hver fundur stóð í 2 – 4 klst. Allt eftir stærð skóla og fjölda kennara í verkefninu.

Í lok nóvember kom ráðgjafi HA í heimsókn þar sem áætlað var að hann hitti kennara 2 – 3ja skóla til skrafs og ráðagerðar. Þar sem svæði þessara skóla er fremur víðfeðmt var ákveðið að halda tvo fundi, á norður- og suðursvæði. Fjallað var um hvernig hægt væri að auka ríkulegt málumhverfi innan skólans og efla orðánám í skólum, spurninga- og orðhlutavefur kynntir og fjallað um samvirka námslíkanið. Að lokum kynntu kennarar afrakstur vinnu sinnar með nemendum..

¹ Í sumum skólum voru þessi próf lögð fyrir alveg niður í 3. bekk.
Lokaskýrsla Þróunarverkefni - Sprotasjóður 2017

Um miðjan janúar voru tvö námskeið, annað á norðursvæði og hitt á suðursvæði. Inntak námskeiðisins var hugræn kortagerð, þar sem farið var yfir mismunandi kortagerðir. Kennarar unnu jafnframt nokkur verkefni. Að lokum deildu kennarar verkum úr skólastarfinu.

Í febrúar hélt ráðgjafi „netfundi“ (skype-fundi) við hvern þátttökuskóla, þar sem farið var yfir stöðu verkefnisins í skólanum, ráðgjafi svaraði spurningum og leiðbeindi og hvatti kennara til áframhaldandi verka.

Í byrjun maí voru tveir fundir haldnir (á norður- og suðursvæði) þar sem fram fór uppgjör á vinnu vetrarins. Kennarar deildu verkefnum og sögðu frá hvað vel hefði gengið, hvað mætti betur fara og hvaða skref þeir ætluðu að stíga í verkefninu á næst skólaári.

Kennarar unnu í rýnihópum þar sem verkefnið var krufið innan hvers skóla. Fjallað var um framhald verkefnisins og væntingar kennara til þess, ábendingar um hvað mætti laga í skipulagi og framkvæmd verkefnisins s.s. þátt ráðgjafa, fræðslu, efni og ráðgjöf, hvernig kennurum gekk að tileinka sér hugmyndafræði verksins og hvernig nemendum gekk að tileinka sér verkfærin í námi. Einnig var fjallað um hvort og hvernig viðhorf kennara hefðu breyst gagnvart mikilvægi orðaforða og nýtingu á skilvirkari lesskilningsaðferðum.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Upprunalegt skipulag stóðst að mestu. Í upphafi var hugmyndin að funda á fleiri stöðum í nóvember og maí en þar sem erfitt var fyrir skólastjórnendur að senda kennara á fundi á kennslutíma var ákveðið að halda sitt hvorn fundinn á norður- og suðursvæði, sem tókst vel. Janúarnámskeiðið var fært aftur um eina viku sökum veðurs.

Í upprunalegu skipulagi var gengið út frá því að nemendur í samráði við kennara ynnu að nemendamöppu þar sem þeir söfnuðu saman ýmsum verkefnum. Hugmyndin var að nemendur gerðu þetta þrisvar hvora önn og kennari færi markvisst yfir gögnin, mæti gögnin og skráði árangur. Þessi vinna fór ekki fram.

Hvað starfið í skólunum varðar er ekki alveg ljóst hvernig og hvort allir skólar lögðu fyrir orðskilnings- og lesskilningsprófin. Ætlunin var að skólar skiluðu Skólaskrifstofu Austurlands niðurstöðum til að fylgjast með hvort að innleiðing þessara aðferða skiluðu auknum orðaforða og betri lesskilningi. Illa gekk að innheimta niðurtöður frá skólum, sérstakleg í Orðalykli. Því er erfitt að segja hvort framför var almennt hjá nemendum. Hins vegar má vera að ekki hafi komið nógu skýr skilaboð frá Skólaskrifstofu um óskir um skil á niðurstöðum. Það sem skiptir mestu máli er að skólar hafi rýnt í niðurstöður beggja prófanna og muni bregðast við niðurstöðum næsta skólaár. Mun Skólaskrifstofan fylgja þessu eftir með því að senda stjórnendum og tengiliðum ábendingar um þetta.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Margþættur ávinningur er af verkefninu. Vel tókst til með innleiðingu á fjölbreyttum orðaforða- og lesskilningsnámsaðferðum fyrir kennara. Kennarar voru almennt sammála því að þeir hefðu fengið góða kennslu í

orðnáms- og lesskilningsaðferðum, sem þeir nýttu í starfi með nemendum sínum. Þeir töluðu um fjölbreyttari og skemmtilegri kennsluaðferðir sem nemendur voru ánægðir að vinna með. Sumir töluðu um meira frelsi í kennslunni og mikilvægi þess að láta ekki námsbækur stjórna henni. Hjá mörgum kennurum fór fram ítarleg naflaskoðun á eigin kennsluháttum og möguleikum á annarri nálgun. Flestir urðu meðvitaðri um slakan orðaforða nemenda sinn og mikilvægi þess að gera þar bragabót. Jafnframt fannst þeim nemendur verða meðvitaðri um orð- og orðnotkun í námi og leik.

Sumir töldu yndislesturinn skila þeim árangri að margir nemendur væru farnir að lesa meira en áður.

Kennarar sjá verkefnið vera komið til að vera og vilja fá áframhaldandi stuðning, meðan það kemst á góðan rekspól, bæði frá fagfólki og ekki síður stjórnendum og sveitarfélögum. Mikilvægt er að viðhalda þessari þekkingu og deila henni til nýrra kennara svo að þetta verði sjálfsgæddur hluti af kennsluháttum skólans og þekkingin hríslist um allan skólann en hverfi ekki úr honum ef lykilmáður verkefnisins hverfur á braut.

Kennarar tengdu saman „byrjendalæsisaðferðir“ við þessar aðferðir og töldu mikilvægt að mið- og unglingastigskennarar sem tækju á móti nemendum úr byrjendalæsi nýttu þessar aðferðir. „Byrjendalæsis-nemendur“ hafa tileinkað nokkrar af þessum aðferðum s.s orð dagsins, orðaskjóður, krossglímu, hugtakakort, KVL o.fl., o.fl..

Aukin tengsl sköpuðust á milli kennara á svæðunum, sem þéttir þá saman bæði sem félagar og fagfólk. Kennarar er tilbúnari til að deila verkefnum og gefa ráð sín á milli.

Verkefnið rímar fyllilega við verkefnið Bættur námsárangur á Austurlandi þar sem markmiðið er m.a. að auka læsi (lesfimi (leshraða) og leshraða) austfirskra nemenda. Einnig eiga hugmyndir verkefnisins heima í Læsisstefnum skóla, sem skólar eru að vinna við.

Almennt eru kennarar meðvitaðri um mikilvægi þess að vinna með fjölbreyttari kennsluaðferðir til að auka orðaforða og lesskilning nemenda. Kennarar sögðu að aðferðirnar styddu vel við verkefnið Bættur námsárangur á Austurlandi.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn

Verkefnið hefur styrkt faglega þekkingu kennara á svæðinu í orðnáms- og lesskilningsaðferðum, sem hægt er að yfirfæra á allar námsgreinar. Aðferðin styður við þá hugmyndafræði að ná frekar markmiðunum en komst yfir ákveðna bók. Lesskilningur nemenda í mörgum skólum jókst á skólaárinu samkvæmt niðurstöðum Orðarúnar. Þróunarstarfið hefur aukið samskipti kennara í skólunum, þar sem þeir hafa deilt hugmyndum sínum og reynslu. Jafnframt vilja kennarar halda áfram með innleiðingu verkefnisins og festa það í sessi í skólastarfinu.

Er það von umsýjarmanna verkefnisins að innleiðing þessara verkfæra verði til þess að nemendur fjórðungsins bæti námsárangur sinn í öllum greinum og uppfylli þá viðmið Hvítbókar.

Flestir voru sammála um að best hefði verið að nýta aðferðirnar í íslensku, samfélags- og náttúrufræðigreinum, margir nýttu þær í tungumálanámi. Mörgum fannst erfitt að nota hugmyndirnar í stærðfræðinni, en a.m.k. einn kennari notaði þær markvisst í sinni stærðfræðikennslu.

Kennarar sögðu þetta snúast um skipulag og tíma meðan þeir væru að tileinka sér aðferðirnar.

Sumum nemendum fannst þetta vera leikur og höfðu áhyggjur af frammistöðu sinni í prófum.

Kennarar sammál að það þurfi að kynna aðferðirnar vel fyrir nemendum og gefa þeim næg tækifæri til að æfa sig.


Mörgum fannst undirbúningur tímafrekur en töldu að með aukinni reynslu kennara og nemenda. myndi það lagast


Niðurstöður verkefnisins

Náðust markmiðin? Hvað er til marks um það?

Er að auka námsárangur nemenda á mið- og unglingastigi í grunnskólum á Austurlandi með sérstakri áherslu á læsi.

Niðurstöður lesskilningsprófsins **Orðarúnar** sýnir að nemendur bættu árangur sinn í lesskilningi, sjá myndir.





Alls tóku 588 nemendur haustprófið og 632 nemendur vorprófið.

Kennarar sammála um að nemendur hefðu bætt lesskilning sinn og þeir væru meðvitaðri um mikilvægi orðaforða.

Í mati þátttakenda kemur fram að aðferðirnar auki klárlega skilning nemenda á efninu.

Orðaforðaprófið **Orðalykill** sýndi ekki jafn afgerandi framfarir hjá nemendum. Fáir nemendur ná viðmiði fyrir mælitöluna 116 og hærra.

...og styrkja kennara faglega til að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni sem leiða til betri námsárangurs.

Kennarar ánægðir með fjölbreyttar aðferðir sem þeir kynntust og áhugi til að nýta þær áfram í kennslu.

Sjá **samantekt** á mati þátttakenda frá Ragnheiði Lilju Bjarnadóttur.

Jafnframt að efla mikilvægt samstarf skóla á Austurlandi enn frekar með markvissum samstíga skrefum í þessu verkefni

Kennarar ánægði með að hittast reglulega og geta deilt hugmyndum og verkfenum og lært hver af öðrum.

og um leið uppfylla enn frekar áherslur aðalnámskrá grunnskóla og Hvítbókar um umbætur í menntun.

Með áframhaldandi markvissri vinnu með þessum verkfærum og naflaskoðunar ættu skólar að nálgast viðmið Hvítbókar.

Heldur verkefnið áfram innan skólans eða í öðrum skólum?

Kennarar voru sammála um mikilvægi þess að halda áfram og fá handleiðslu í einhverri mynd næsta skólaár, þannig að aðferðirnar myndu festa sig í sessi í skólalífinu. Illa gekk að nálgast svör og óskir skólastjórnenda í þeim efnum og eins voru fræðslustjórar ekki sammála um hve miklum fjármunum skyldi varið í verkefnið. Því er óvíst með hvort eða hvernig stuðning kennarar fá varðandi verkefnið. En flestir hafa áhuga á að innleiða það í skólann sinn. Mikilvægt er að skólastjórnendur veit kennurum svigrúm til að geta unnið að innleiðingunni s.s. fasta fundartíma varðandi efnið.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöður

Skýrslan verður aðgengileg á heimasíðu Skólaskrifstofu austurlands <http://skolaust.is/>

Hún verður afhent stjórn Skólaskrifstofu Austurlands, Sveita- og bæjarstjórum og skólastjórnendum. Mikilvægt er að viðkomandi aðilar gefi sér tíma til að rýna í niðurstöður, bæði hvernig verkefnið tókst og eins hvaða lærdóm megi draga af niðurstöðum prófa. Einnig að þeir verði meðvitaðir um að hlúa að og styðja áfram við verkefnið. Farið verður yfir helstu niðurstöður skýrslunnar á fundi skólastjórnenda haustið 2017. Stjórnendur verða hvattir til að kynna hana fyrir foreldrum á skólasetningardegi og/eða haustfundum og setja hana inn á heimasíðu skóla. Kennarar verða hvattir til að ræða niðurstöðu hennar með nemendum sínum og tengja áframhaldandi vinnu í skólunum.

Mikilvægt er að stjórnendur setji hugmyndafræði (verkfæri) verkefnisins inn í Læsisstefnur sínar.

Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um

Verkefnið hefur sannarlega skilað faglega sterkari kennurum sem hafa nú yfir að ráða fjölbreyttari kennsluaðferðum til að auka orðaforða- og lesskilning nemenda. Það hefur í mörgum tilfellum opnað augu kennara fyrir slökum orðaforð nemenda og hvernig hin ýmsu verkfæri sem kynnt voru til leiks geta styrkt nemendur í læsisnáminu. Verkefnið hefur vonandi einnig skilað jákvæðari nemendum gagnvart læsi.

Rekstrarreikningur – Sér blað - viðhengi

Reyðarfirði 22. júní 2017

Sigurbjörn Marinósson, forstöðumaður Skólaskrifstofu Austurlands

Björg Þorvaldsdóttir, kennsluráðgjafi Skólaskrifstofu Austurlands



Skólaskrifstofa Austurlands

Rekstarreikningur

Þróun fjölbreyttra kennsluhátta á mið og unglíngastigi við þjálfun lestrar og lesskilnings í grunnskólum á Austurlandi.

	Gjöld	Tekjur
Laun	2.360.000	
Ferðakostnaður	622.933	
Kaffveitingar á fundum	39.000	
Styrkur úr Sprotasjóði		2.000.000
Fjármagn frá skólum / sveitarfélögum		1.021.933
Samtals:	3.021.933	3.021.933